

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Krókur, L166363.*

Um er að ræða tillögu deiliskipulagsbreytingar er varðar Krók, L166363. Í breytingunni felst leiðrétting á byggingarheimildum lóðar 2 innan skipulagsins. Samþykkt í sveitarstjórn 4. júní 2024.

*Deiliskipulag, Hraungerði, L166237, Þinghús.*

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til lands úr jörðinni Hraungerði. Landið kemur til með að bera staðfangið Þinghús eftir gamalli þinghúsatóft sem er innan skipulagssvæðisins. Í tillögunni felast heimildir til að byggja íbúðarhús, gestahús, bílskúr og/eða skemmu eða önnur útihús auk þess sem gert er ráð fyrir metangasstöð innan svæðisins. Samþykkt í sveitarstjórn 4. júní 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 6. júní 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**